

## Breytingartillögur

við till. til þál. um viðauka við fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010.

Frá Árna Þór Sigurðssyni.

1. Við bætist nýr liður, **2.2.3.2.2 Grunnnet, aðrir flugvellir**, svohljóðandi:

Flokkur	Staður – verkefnaflokkur	2007	2008	2009	2010
II	Bíldudalur				
	1. Flugbrautir og flughlöð		50	50	
	2. Byggingar				25
	3. Aðflugs- og öryggisbúnaður				5
	<b>Samtals</b>		50	50	30

2. Við liðinn 4.1.4 Almenningsamgöngur bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

	2007	2008	2009	2010
4. Almenningsamgöngur í þéttbýli		350	500	650

3. Við bætist nýr liður, **4.2.1.2 Verkefni á höfuðborgarsvæði**, svohljóðandi:

Heiti verkefnis	2007	2008	2009	2010
Vegnr. Kaflar. Kaflaheiti	millj. kr.	millj. kr.	millj. kr.	millj. kr.
Hringvegur á höfuðborgarsvæði				
1 e2–e3 Hafravatnsvegur–Vesturlandsvegur		700	900	900
1 f5–f6 Kjalarnes–Borgarnes			1.700	800
40 Hafnarfjarðarvegur				
Kringlumýrarbraut–Miklabraut			-1.074	-1.663
49 Nesbraut				
Kringlumýrarbraut–Snorrabraut			1.074	1.663

4. Við lið 4.2.1.3 Verkefni á landsbyggð bætist nýr liður, svohljóðandi:

Heiti verkefnis	2007	2008	2009	2010
Vegnr. Vegheiti	millj. kr.	millj. kr.	millj. kr.	millj. kr.
Kaflar. Kaflaheiti	millj. kr.	millj. kr.	millj. kr.	millj. kr.
Hringvegur á Suðurlandi				
1 d5–e1 Norðan Selfoss – Hafravatnsvegur		700	2.100	1.400
61 Djúpvvegur				
38–45 Súðavík–Bolungarvík, Súðavíkurhlíð		20	50	50

5. Við lið 4.2.1.5 Jarðgöng, Vaðlaheiðargöng. Liðurinn orðist svo:

Heiti verkefnis	2007	2008	2009	2010
	millj. kr.	millj. kr.	millj. kr.	millj. kr.
Vaðlaheiðargöng		100	500	1.000

## 6. Við lið 4.2.3 Sérstök fjáröflun. Liðurinn orðist svo:

Heiti verkefnis Vegnr. Kaflnr. Kaflaheiti	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.
Hringvegur á Suðurlandi				
1 d5–e1 Norðan Selfoss – Hafravatnsvegur		-1.400	-1.400	-1.400
Hringvegur á höfuðborgarsvæði				
1 e2–e3 Hafravatnsvegur–Vesturlandsvegur		-700	-900	-900
1 f5–f6 Kjalarnes–Borgarnes		-800	-900	-800
Vaðlaheiðargöng				
Vaðlaheiðargöng		-100	-100	-100
<b>Sérstök fjáröflun samtals</b>		<b>-3.000</b>	<b>-3.300</b>	<b>-3.200</b>

## Greinargerð.

- Gerð er tillaga um að hækka fjárveitingu til Bíldudalsflugvallar þannig að unnt verði að ráðast í lengingu flugbrautar. Framkvæmdin er þýðingarmikil til að treysta samgöngur við miðhluta Vestfjarða og er lagt til að til þess verði varið 50 m.kr. árið 2008 og sömu fjárhæð árið 2009.
- Hér er lagt til að veitt verði fjármagni til almenningsamgangna í þéttbýli. Um er að ræða sívaxandi verkefni sem sveitarfélög sinna, þótt það sé ekki lögbundið. Í nútíma-samfélagi eru almenningsamgöngur órjúfanlegur hluti samgöngukerfisins og eðlilegt að ríkið leggi til fjármagn til þess hluta ekki síður en vegakerfisins. Tillagan gerir ráð fyrir að framlagið verði einkum notað til að mæta útgjöldum sveitarfélaganna vegna olúgjalds og virðisaukaskatts af almenningsvögnum, en einnig til að taka þátt í gerð forgangsakreina fyrir almenningsvagna þar sem það á við.
- Í 3. tölul. eru tvær breytingar. Annars vegar er um að ræða að framkvæmdir við Hringveginn frá höfuðborgarsvæðinu í Borgarnes verði fjármagnaðar með hefðbundnum hætti, en í gildandi samgönguáætlun er þar gert ráð fyrir „sérstakri fjármögnun“ sem væntanlega þýðir að verkið sé hugsað í einkaframkvæmd og/eða með notendagjöldum. Hins vegar er gerð tillaga um að fjárveiting í gildandi samgönguáætlun í mislæg gatnamót Kringlumýrabrautar/Miklubrautar verði flutt til og áherslan þess í stað lögð á úrbætur á Miklubraut (Nesbraut) á kaflanum milli Kringlumýrabrautar og Snorrabrautar. Þar hefur verið gert ráð fyrir að gatan verði lögð í stökk til að bæta umhverfi og lífsgæði íbúa og er tillagan í samræmi við það.
- Í 4. tölul. eru tvær tillögur að breytingum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að framkvæmdir við Hringveginn frá höfuðborgarsvæðinu að Selfossi verði fjármagnaðar með hefðbundnum hætti, en í gildandi samgönguáætlun er þar gert ráð fyrir „sérstakri fjármögnun“ sem væntanlega þýðir að verkið sé hugsað í einkaframkvæmd og/eða með notendagjöldum. Í öðru lagi er lagt til að setja sérstaka fjárveitingu til úrbóta á veginum milli Ísafjarðar og Súðavíkur og undirbúnings vegganga þar. Gert er ráð fyrir 30 m.kr. viðbótarframlagi árið 2008 og 50 m.kr. framlagi árið 2009 til undirbúnings verkefninu.
- Breytingartillaga í 5. tölul. gerir ráð fyrir að Vaðlaheiðargöng verði fjármögnuð sem hefðbundin framkvæmd á vegum Vegagerðarinnar en ekki sem einkaframkvæmd, enda mun það leiða til lægri kostnaðar. Tillagan gerir ráð fyrir 100 m.kr. framlagi árið 2008, 500 m.kr. framlagi árið 2009 og 1.000 m.kr. árið 2010 en það sem þá stendur út af framlagi ríkisins kæmi þá árið 2011 en gildandi samgönguáætlun nær ekki til þess árs.

Eins og í gildandi áætlun gerir þessi tillaga áfram ráð fyrir að um helmingur framkvæmdakostnaðar verði borinn af notendagjöldum.

6. Í 6. tölul. er lagt til að fjárhæðir undir liðnum „sérstök fjármögnun“ falli niður enda hefur verið gerð tillaga um að þau verkefni verði fjármögnuð með hefðbundnum hætti. Samtölur í áætluninni breytast til samræmis við framangreindar tillögur.